


Upplifun sviðlista og þróunarferli

Eftir Elisabeth Hovde Johannesen and Tone Cronblad Krosshus

Eitt af megin markmiðum þess að fá sýningar sviðslistafólks inn í skóla er að þær stuðli að menntun og þroska barna og ungmenna. Hér getur þú lesið aðeins um hvernig þú sem kennari getur nýtt upplifun sviðslista í kennslu.



Photo: Kulturtanken/Lars Opstad



Innihald

Hvert er mikilvægi sviðslista?	3
Hvað er að upplifa sviðlistir?	3
Hvað hafa sviðslistir með þróun að gera?	4
Hvað geta kennarar gert til að hjálpa til við upplifun sviðslista?	4
Hvernig geta kennarar breytt upplifun sviðslista í þroskaferli?	5



Hvert er mikilvægi sviðslista?

Sviðslistir eru mikilvægar því þær snúast um lífið. Þegar nemendur kynnast sviðslistum fá þeir endalaus tækifæri til að upplifa og læra. Sviðslistir bjóða okkur að kanna tilvistarleg þemu eins og skömm, vináttu og útilokun vegna þess að hún sýnir mismunandi hliðar slíkra þátta. Sviðslistir geta gert hið óþekkt þekkt, eða hið þekkt óþekkt. Þær geta ögrað viðurkenndum sannindum, viðurkenndum viðhorfum og stuðlað að skilningi og ígrundun á aldagömlum gildum.

Þannig geta kynni af sviðslistum fengið okkur til að endurhugsa eitthvað sem við töldum okkur skilja eða fá okkur til að efast um eitthvað sem við töldum okkur vita.

Hvað er að upplifa sviðslistir?

Sá sem hefur verið niðursokkinn í bók, heillaður af kvikmynd eða hrifist af tónlist hefur upplifað sviðslist. Þessari upplifun er erfitt að lýsa með orðum. Hún er líkamleg, persónuleg, tilfinningaleg og vitræn allt í senn. Því er talað um upplifun sviðslista sem samsetta og flókna.

Sviðslistaheimsóknir gera nemendum kleift að kynnast listrænni tjáningu eins og tónlist og sviðslistum, oft einnig samsetningum þeirra. Heimsókn sviðslista í skóla gefur tækifæri fyrir bæði einstaklingsbundna og sameiginlega sviðslista upplifun. Þess vegna hafa slíkar heimsóknir mikla möguleika til frekari fræðslu.



Hvað hafa sviðslistir með þróun að gera?

Hvað hefur sviðslist með þróun að gera?

Í almennum hluta námskrár er lögð áhersla á ábyrgð skólans á þroska nemenda. Markmiðið er að búa nemendur undir það að lifa í frelsi, sjálfstæði, ábyrgð og mannúð. Skólar hjálpa nemendum að skilja sjálfa sig, aðra og heiminn og að taka góðar ákvarðanir.

Listupplifun er mikilvæg fyrir þessa þróun, þar sem sérstaklega má leggja áherslu á tvo þætti.

- Í fyrsta lagi er það sjálfstraust, sem snýst um getu nemenda til að horfast í augu við það sem er framandi. Að hvetja til forvitni og taka sjónarhorn einhvers annars getur þjálfað slíka færni.
- Annað er gagnrýnin hugsun, sem snýst um hæfileikann til að hugsa frjállega. Þjálfun gagnrýnnar hugsunar er andstæða þess að þjálfa markmiðsdrifin og fyrirfram ákveðna þekkingu. Frjáls hugsun er ekki í samræmi við lærdar venjur, tekur engu sem sjálfsögðum hlut, heldur rannsakar og fer út fyrir mörk.



Photo: Kulturtanken/Erik Brandsborg



Hvernig geta kennarar hjálpað til við upplifun sviðslista?

Öll börn eiga rétt á að upplifa sviðslist. Þegar fullorðið fólk les bók, horfir á kvikmyndir eða hlustar á tónlist er það þeirra val. Nemendur eru hins vegar leiddir í sviðslistir.

Ólíkt því sem gerist í spjalli við listafólk er ekki hægt að framkalla eða þvinga upplifun sviðslista. Þetta er uppeldisfræðileg þversögn sem gerir kennslufræðilegar spurningar viðeigandi: Hvernig á að veita innblástur, hvetja og vekja forvitni? Og hvernig á að gera sviðslista heimsóknir þroskandi fyrir nemendur?

Kennslufræðileg nálgun á upplifun sviðslista snýst um að þjálfa hæfni nemenda til að

1. upplifa (kunnátta)
2. miðla af reynslu (þekking)
3. endurspeglu reynslu (hæfni)

Hvernig geta kennarar breytt upplifun sviðslista í þroskaferli?

Kennarar geta nýtt upplifun sviðslista til að búa til hópa af túlkunum og gagnrýnendum. Það snýst um að auðvelda nemendum að átta sig á að þeir geti haft ólíkan skilning og ólíka reynslu í kynnum sínum af sviðslist. Fagleg umgjörð fræðslu er mjög mikilvæg þegar kemur að heimsóknum sviðslista í skóla. Það ætti að auðvelda einstaklingum upplifunina, en einnig er hægt að kanna innan bekkjarins, helst fyrir og eftir upplifunina.

Á grundvelli upplifunar sviðslista skapa kennarar aðstæður þar sem fjölbreytileiki tjáningar fær gildi. Með sviðslistafólki geta kennarar búið til flókin námsferli þar sem hægt er að þjálfa sjálfstraust og gagnrýna hugsun.



Greinahöfundar

Krosshus og Johannesen eru í forsvari rannsóknarhóps um fagurfræðilega námsferla við Háskólann í Suðaustur-Noregi. (Universitetet i Sørøst-Norge)

Tone Cronblad Krosshus er dósent í leiklist við Háskólann í Suðaustur-Noregi.

Þar kennir hún leiklist og **fagurferðilega skynjun í námi** á kennarbraut.

Rannsókn- og þróunarsvið hennar eru hagnýtt leikhús, list sem þekking, fagurfræði sem lýðræðisleg mótun og listmiðlun.

Krosshus er verkefnastjóri tilraunaverkefnisins Menningarbakpokinn + kennaramentunin satt?!

Elisabeth Hovde Johannesen er dósent í norsku við háskólann í Suðaustur-Noregi. Hún kennir norsku í kennaranámi með sérstaka áherslu á bókmenntafræði og fagurfræði. Rannsóknarsvið hennar eru myndabækur, kvikmyndir, myndlist, siðfræði, tilfinningar og fagurfræði. Johannesen er í forsvari árlegrar myndabókarráðstefnu á USN háskólasvæðinu í Notodden og er einnig þátttakandi í verkefnahópnum Menningarbakpokinn + kennaramentunin satt?!

